

Velferðarnefnd Alþingis,  
Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 28. nóvember 2014  
1B2


**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um byggingasjóð Landspítala.  
**Þskj. 176 – 169. mál.**

Með tölvubréfi dags. 13. nóvember sl. sendi velferðarnefnd Alþingis Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til umsagnar frumvarp til laga um byggingasjóð Landspítala. Hér á eftir fylgir umsögn framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) um frumvarpið.

HH vill í umsögn þessari leggja áherslu á nauðsyn þess fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu að Landspítalinn, hvort sem er í hlutverki landspítala eða svæðissjúkrahúss, sé sem best búinn hvað húsnæði og annan aðbúnað varðar. HH bendir og á mikilvægi þess fyrir heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu að hún eigi greiðan aðgang að göngudeildarþjónustu spítalans, en núverandi húsnæði Landspítala hefur ekki boðið upp á svigrúm til uppbyggingar hennar. Göngudeildarþjónusta er nauðsynlegur hlekkur í samfelldri og aðgengilegri þjónustu fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og raunar forsenda frekari þróunar flæðistýringar á milli þessara grunnstoða í heilbrigðisþjónustu sem Landspítali og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins eru.

HH telur hugmynd um stofnun sérstaks byggingasjóðs góða og líklega til að koma húsnæðismálum Landspítala í farveg, en hefur ekki skoðun á því hvernig tekjuöflun sjóðsins skuli eða megi vera.

Virðingarfyllst,  
f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

  
Svanhvít Jakobsdóttir,  
forstjóri